

FJARDAR 25 ára pósturinn

5. tbl. 27. ág. 2009
Fimmtudagur 5. febrúar

Upplag 9.800 eintök. Dreift frítt í Hafnarfirði og á Álftanesi

DYR

FASTEIGNASALA

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF

FYRIRTÆKJASALA

Lækjargötu 34d
Sími 552 6101
www.dyrehf.is

Smurstöðin Smur 54

Bæjarhrauni 6, bakhús

Láttu okkur dekra við bílinn þinn.
Príf og bón – smáviðgerðir Sækjum og sendum

opið kl. 8-18 og 8-17 föstudaga

sími
555 0330

Gunnar



Magnús

Fjardarposturinn 09/02 - © Hinnunnarsíð ehf.

100 kannabisplöntur

Lögreglan lagði hald á 100 kannabisplöntur og tækjabúnað í iðnaðarhúsið í Hafnarfirði sl. þriðjudagskvöld. Plönturnar voru á lokastigi ræktunar er lögreglan skarst í leikinn og handtók tvo karlmenn á þrítugsaldri. Þeir hafa báðir komið við sögu lögreglunnar áður.

Fermetraverð íbúðarhúsnæðis 232 þús. kr.

Hefur hækkað mest um 240% á 10 árum

Meðalstaðgreiðsluverð á hvern fermetra íbúðarhúsnæðis í fjölbýli er frá 207-253 þúsund kr. í Hafnarfirði, allt eftir hverfum. Hæst er verðið í Áslandi en lægst á Álftaskeiði. Meðalverðið er 232 þúsund en meðalverð á höfuðborgarsvæðinu er 254 þúsund, um 9% herra en í Hafnarfirði.

Til samanburðar er meðalstaðgreiðsluverð á hvern fermetra á Reykjanesi 170 þúsund kr., á Vesturlandi 158 þús., á Vestfjörðum 66 þús., á Norðurlandi, 135 þús., á Austurlandi 113 þús. og á Suðurlandi 125 þús. kr.

Alls eru 9244 íbúðir í Hafnarfirði, í einbýli og fjölbýli og hefur þeim fjölgað um 48% frá árinu 2000. Á sama tíma hefur íbúðum fjölgað um 13% í Reykjavík og um 38% í Kópavogi.

Mesta hækkunin á fermetra-verði í fjölbýli hefur verið á Hrauninum þar sem verð hefur meir en fjórfaldast á síðustu 18 árum. Þó verð lækki nú er ljóst

að það þarf að lækka verulega ef það á að jafna út hækkun síðustu ára. Rétt er að taka fram að miðað er við krónutölur samninga á hverjum tíma.



Þessi 6 m² snjókastali sem börnin í Klukkubergi byggðu er ekki metinn til fjár.

Treystu mér fyrir veislunni þinni

KÖKULIST

Firði • sími 555 6655

Heimilismatur í fyrirtæki

skoðuðu matseðilinn á www.skutan.is

Skútan.is

Hólshrauni 3
sími 565 1810



TÖLVUVIÐGERÐIR
VEFSÍÐUGERÐ

www.midnet.is

HELLUHRAUNI við Bónus



Hermann Jónasson

Gleraugu fyrir
útfararstjóra


Sjónlínan

Strandgötu 39, Hafnarfirði, sími 555 7060 ~ www.sjonlinan.is

FJARDAR 25 ára posturinn

Útgefandi: Keilir ehf. útgáfufélag, kt. 480307-0380
Fjarðarposturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði
Vinnsla: Hönnunarahúsið ehf., umbrot@fjardarposturinn.is
Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is
Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is
Prentun: Steinmark ehf. Dreifing: Íslandsþóstur
ISSN 1670-4169 – Vefútgáfa: ISSN 1670-4193

www.fjardarposturinn.is

Leiðarinn



Það er stjórnarkreppa í Hafnarfirði. Bæjarbúar kusu 11 manns í bæjarstjórn en aðeins hluti þeirra er að stjórna bænum! Þrátt fyrir þetta getum við ekki kosið aftur fyrir en 4 ára kjörtímabili lýkur. Nú er kreppa á Íslandi, fjölmargir hafa misst atvinnuna og það er ekki tími fyrir tuð, nag og leiðindi í bæjarstjórn. Bæjarstjórnarfundir lauk á tíunda tímanum á þriðjudaginn, hafði þá staðið í um 7 klukkutíma. Við Hafnfirðingar megum ekkert við svoleiðis pólitík í dag. Það leysist ekkert með tuði og leiðindum. Nú er tími skýrra upplýsinga. Hvernig stöndum við sem bæjarfélag? Hvað og hverjum skuldum við? Hvernig stöndum við að ári loknu? Hvar getum við sparað og skorið niður? Hvernig getum við aðstoðað þá sem hjálpar eru þurfi? Hvernig ætlum við að komast út úr fjárhagsvandannum? Hvað geta bæjarbúar sjálfir lagt á sig til að spara útgjöld? Það er enginn tilbúinn að taka á sig álögur eða sársaukafullar kjaraskerðingar ef haldbær rök og skýringar eru ekki fyrir hendi. Þess vegna voru svo margir tilbúnir að berjast fyrir St. Jósefsspítala. Aðferðafræði ráðherrans var röng.

Nú er pláss fyrir alveg nýja tíma í hafnfirskum stjórnmálum. Taki núverandi bæjarfulltrúar ekki við sér og hefji fullt samráð til hagsbóta fyrir bæjarfélagið eiga eftir að rísa hér upp samtök sem munu taka stóran skerf af fylgi þríflokkanna í næstu kosningum. Hér spyr enginn um blátt, rautt eða grænt. Það sést enginn flokksmunur á tillögum flokkanna. Hér skiptir máli að fólk vinni saman að raunhæfum lausnum fyrir bæjarfélagið og það veitir ekkert af því að nýta alla 11 bæjarfulltrúana. Víkjum til hliðar því sem má biða og snúum okkur að aðalatriðinu, að takast á við fjárhagsvanda bæjarfélagsins. Nú er ekki tími sökudólgaveiða.

Guðni Gíslason



HAFNARFJARDARKIRKJA

Sunnudagurinn 8. febrúar

Fjölskylduhátíð kl. 11

Prestur: sr. Kjartan Jónsson
Gleðigjafar leika.

Kvöldmessa í léttum dúr kl. 20

Prestar: sr. Kjartan Jónsson og sr. Gunnþór Þ. Ingason
Guðrún Gunnarsdóttir og Valgeir Skagfjörð
leika og syngja og fjalla um ábyrg samskipti.
Vænst er sérstaklega þátttöku fermingarbarna
og fjölskyldna þeirra.

www.hafnarfjardarkirkja.is

Menning & mannlíf

Evrópufundaröð Samfylkingarinnar

Lýðræði og sóknarfæri sveitarstjórna.
Mánudag 2. febrúar kl. 20 í Samfylkingarhúsinu, Strandgötu 43.
Frummælendur: Gunnar Svavarsson þingmaður, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi, Kristrún Heimisdóttir aðstoðarmaður utanríkisráðherra
Fundarstjóri: Gunnar Axel Axelsson formaður Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði

Sýningar í Bæjarbíói

Á laugardaginn kl. 16 sýnir Kvikmyndasafn Íslands *The Purple Rose of Cairo* eftir Woody Allen.

Á þriðjudaginn kl. 20 sýnir Kvikmyndasafnið *Samsetta dagskrá af myndum frá Konungskomum til Íslands frá árunum 1907-1930*. Fyrsta myndin í

sýrinni er stutt mynd frá konungskomunni 1907 og með aletsta kvikmyndaefni sem til er í Kvikmyndasafninu. Síðan eru myndir frá 1921, 1926 og síðast frá 1930.

Hádegistónleikar í dag

Alex Ashworth er gestur Antonía Hevesi á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag, fimmtudag kl. 12. Tónleikarnir nefnast Dökku hliðar baritónsins. Hann hefur sungið með Íslensku óperunni þar sem hann hefur farið með stór hlutverk

Sýningar í Hafnarborg

Íslenskir listamenn ljósmyndir eftir Jónatan Grétarsson og Þættir verk eftir Björgu Þorsteinsdóttur. Sýningararnar eru opnar kl. 11-17 en fimmtudaga kl. 11-21. Lokad er á þriðjudögum. Frítt er inn.

ÚTFERARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

FRIÐMANN ANDRESSON
ÚTFERARSTJÓRI

HÁLFEDÁN HÁLFEDÁNARSON
ÚTFERARSTJÓRI

SÍMI: 565 9775 - ALLAN SÓLARHRINGINN

Víðistaðakirkja

Sunnudagurinn 8. febrúar

Barnaguðspjónusta kl. 11.00

Skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna,
fer fram í loftsál kirkjunnar.

Guðspjónusta kl. 11.00

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn Arngerðar Maríu Árnadóttur.

Kyrrðarstundir

á miðvikudögum kl. 12.00
Súpa og brauð í safnaðarheimilinu á eftir.

Opið hús fyrir eldri borgara á miðvikudögum kl. 13.00

Spil, spjall og kaffiveitingar

Foreldrastundir

á fimmtudögum kl. 13.00
Gefandi samvera fyrir heimavinnandi foreldra.



Allir velkomnir!

Bragi J. Ingibergsson,
sóknarprestur

www.vidistadakirkja.is

TÖLVUHJÁLPIN

Tek að mér vírusshreinsanir,
viðgerðir, uppfærslur og
uppsetningar á PC tölvum


Mæti í heimahúsi

Sanngarnt verð

Sími 860-7537

Hádegistónleikar hefjast á ný

Alex Ashwort, Diddú,
Þóra Einarisdóttir og
Garðar Thor Cortes



Alex Diddú



Þóra Garðar

Í hádeginu í dag verða fyrstu hádegistónleikar ársins og að þessu sinni fær Antonía Hevesi, listrænn stjórnandi tónleikanna, baritónsöngvarann Alex Ashworth með sér en hann sló í gegn í Íslensku óperunni í haust á móti Kristjáni Jóhannssyni.

Í mars kemur Diddú, Sigrún Hjálmtýsdóttir, í heimsókn í Fjörðinn og syngur hjá Antoníu og í apríl kemur sópransöngkonan Þóra Einarisdóttir en hún vakti mikla athygli í Íslensku óperunni sl. sumar í einleiksóperunni *Dagbók Önnu Frank*. Í maí fær Antonía einn frægasta íslenska söngvara nútímans, Garðar Thor Cortes, tenór, í heimsókn svo úrvalið er gott og Hafnfirðingar geta strax tekið frá hádegis á fyrsta fimmtudegi í mánuðinum.



Antonía Hevesi.

Láttu nudda þig til góðs!

Heilsunudd og verkjameðferð

Erlendur M. Magnússon, heilsunuddari
Bæjarhrauni 2, 2. hæð sími 699 0858



Rafrænt einelti

Einelti er samfélagsvandamál sem hefur alltaf verið til og verður líklega alltaf til meðal manna. Það þarf ákveðin skilyrði og þrífst í aðgerðarleysi fjöldans. Sérstaklega þar sem afskiptaleysi og sinnuleysi er mikið og þar sem ekki er tekið á málum. Það eru ekki einungis fagmenn og fræðingar sem geta fjallað um málið og brugðist við því heldur þarf fjöldinn að taka það að sér og almenningur að láta sig það varða. Sérstaklega þurfa foreldrar að vera meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það lýsir sér á hverjum tíma til að geta brugðist við því.

Rannsóknir hafa sýnt að einelti er að einhverju leyti að færast úr skólum yfir í nethelma þar sem börn og unglingar eiga samskipti á ýmsum félagsnetsíðum t.d. Myspace eða Facebook og nota þau bloggíður, MSN og spjall til að gera lítið úr öðrum einstaklingum. Einelti á netinu getur m.a. birst í formi yfirlýsinga, skyndiskilaboða, tölvupósts og á heimasíðum. Það getur komið fram í

myndatexta, þar sem sett er mynd eða myndir á netið og þeim sem vilja boðið að setja niðrandi texta við myndirnar. Til eru dæmi þess að bloggíður hafi verið settar upp eingöngu til að niðurlægja ákveðinn einstakling, einnig eru hatursfull og niðrandi skilaboð skrifuð í dagbækur eða athugasemdadálka. Dæmi eru um að fólk noti líka farsíma til að áreita eða hræða aðra með óviðeigandi símtölum, textaskilaboðum eða myndum. Það er mikið í húfi og að foreldrar kynni sér öruggari netnotkun og forvarnir í þessu sambandi.

SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) er verkefni á vegum Heimilis og skóla sem vinnur að vakningarátaki um örugga tækni- og netnotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB. Í könnun SAFT frá árinu 2007 segjast rúm 16% barna hafa fengið sendan tölvupóst sem olli

þeim áhyggjum eða hræddi þau, sú tala var rúm 13% í könnun árið 2003. Helmingi líklegri er að stúlkur fái slíkan póst en drengir. Um 15% barna segjast hafa orðið fyrir áreitni, strítt, ógnað eða farið hjá sér í gegnum spjall á netinu síðustu 6 mánuði áður en könnunin var gerð en 10% árið 2003. Meðalaldur netnotenda fer lækkanandi, börn byrjuðu að meðaltali 8,7 ára að nota netið 2003 en árið 2007 var sú tala komin niður í 7.7 ára, og drengir byrja yngri en stúlkur að nota netið. Tæp 30% barna sem tóku þátt í könnuninni 2007 segjast hafa orðið fyrir því að einhver sem þau þekkjara bara af netinu hafi beðið þau um að hitta sig utan netsins. sjá www.saft.is og www.heimiliogskoli.is

Í tilefni af Alþjóðlega Netöryggisdeginum, þriðjudaginn 10. febrúar n.k. stendur SAFT fyrir opnu málþingi um rafrænt einelti. Málþingið er haldið í Skriðu HÍ (Kennaraháskólanum) við Stakkahlíð kl.14.30 og eru allir velkomnir. Nemendur, foreldrar, starfsmenn skóla og allir sem áhuga hafa og vilja láta málið til sín taka eru hvattir til að mæta og taka virkan þátt í málþinginu. (www.saft.is/www.heimiliogskoli.is)

Höfundur er verkefnastjóri hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra



Helga Margrét Guðmundsdóttir

Auglýsing í Fjarðarpostinum borgar sig!

Auglýsingasíminn er **565 3066** auglysingar@fjardarposturinn.is

Umsókn um styrk úr

Minningarsjóði hjónanna

Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, læknis í Hafnarfirði

Minningarsjóður Helgu og Bjarna hefur þann tilgang að veita styrki til að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna í Hafnarfirði allt að 18 ára aldri. Í skipulagsskrá sjóðsins segir að „einkum skulu veittir styrkir til starfsemi á vegum einstaklinga, samtaka, fyrirtækja og opinberra aðila, sem veita börnum, sem eiga við erfiðleika að etja vegna fötlunar, sjúkdóma eða félagslegra aðstæðna, þjónustu og aðstoð.“



Stjórn Minningarsjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum úr sjóðnum.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður. Ennfremur má nálgast umsóknareyðublöð á veffanginu www.bjarnioghelga.is

Umsóknir merktar „*Minningarsjóður Helgu og Bjarna*“ þurfa að berast þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar fyrir **20. febrúar n.k.**

Stjórn Minningarsjóðsins

Fríkirkjan

Sunnudagurinn 8. febrúar

Sunnudagaskóli kl. 11

Eigum góða stund saman með börnunum!

Guðsþjónusta kl. 13

Kór og hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn

Verið velkomin í Fríkirkjuna!



www.frikirkja.is

Tíu netheilræði SAFT

1. Uppgötvíð Netið saman.
2. Gerðu samkomulag við barnið um netnotkun á heimilinu.
3. Hvettu barnið til að vera gætið þegar það veitir persónulegar upplýsingar.
4. Ræddu um þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin.
5. Kenndu barninu þínu að skoða efni á Netinu með gagnrýnum hetti.
6. Haltu vöku þinni – það er vel hugsanlegt að barnið rekist á efni á Netinu einungis ætlað fullorðnum.
7. Komdu upplýsingum um það sem þú telur ólöglegt efni til réttra yfirvalda.
8. Hvetjið til góðra netsíða.
9. Kynntu þér netnotkun barnsins þins.
10. Mundu að jákvæðir þættir Netsins eru mun fleiri en hinir neikvæðu.

VISTVERND Í VERKI



námskeið fyrir heimili og vinnustaði

Nú er rétti tíminn til að byrja upp á nýtt og leggja línurnar fyrir sjálfbæra framtíð.

Hafnarfjarðarbær hvetur bæjarbúa til að skella sér í **Visthóp**

Skráning í visthóp á vef Landverndar:

www.landvernd.is/vistvernd

Reynslan sýnir að með einföldum breytingum á daglegu lífi má spara mikla fjármuni og draga svo um munar úr áhrifum neyðslusamfélagsins á umhverfið. Vistvernd í verki stendur fyrir námskeiðum sem hjálpa þér að taka fyrstu skrefin.

Athugið að færri komast að en vilja. Þátttökugjald kr. 3000.-

Þú byrjar strax að spara!



Bakhjarlar Vistverndar í verki eru: Umhverfisráðuneytið, Sorpstöð Suðurlands, SORPA, Fura, Hringrás, Gámaþjónustan, Landsvirkjun og Orkuveitan.

landvernd.is/vistvernd ~ vistvernd@landvernd.is ~ sími 552 5242

Hvað nú Ömmi?

Fyrir stuttu var haldinn um 1800 manna borgarafundur í Íþróttahúsinu við Strandgötu undir heitinu „Stöndum vörð um St. Jósefs- spítala“. Fundurinn var haldinn í kjölfar ákvörðunar þáverandi heilbrigðisráðherra, í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, um að loka spítalanum, færa þjónustuna á sjúkrahúsið í Reykjanesbæ og á Landsspítalanum og



Siv Friðleifsdóttir

semi hans. Til dæmis um s.k. grindarbotnsteymi sem sérhæfir sig í meðferð á grindarbotns-vandamálum kvenna. Teymið er það eina sinnar tegundar í landinu og hefur bætt lífsgæði fjölmargra kvenna.

Gegnheil samstaða

Hafnirfiringar hafa staðið vörð um spítalanum bæði árið 1991 og nú árið 2009 með undirskriftasöfinun. Hefur Bandalag kvenna í Hafnirfirði (BKH) að öðrum ólöstuðum verið í forystu varðstöðunnar eins og fram kom í góðri ræðu Kristínar Gunnbjörnsdóttur, formanns BKH, á borgarafundinum. Mörg félög í Hafnirfirði hafa ásamt félögum allra stjórnmalaflokka í bænum ályktað gegn ákvörðun um lokun St. Jósefsspítala. Samstaða Hafnirfiringa í þessu máli er því gegnheil. Þann 14. janúar s.l. bauð aðgerðarhópur „Stöndum vörð um St. Jósefsspítala“ þingmönnum Suðvesturkjördæmis til fundar um lokunaráform ráðherra. Á þeim fundi mátti heyrast að nokkrir þingmenn höfðu efasemdur um réttmæti ákvörðunar ráðherra. Ögmundur Jónasson, nýr heilbrigðisráðherra, sótti fundinn og þekkir því ágætlega til málsins. Af þeim sökum er því rétt að spyrja núna Hvað nú Ömmi?

Höfundur er alþingismaður.

koma upp öldrunarþjónustu þess í stað. Ákvörðunin var tekin í miklum flýti og án samráðs við hagsmunaaðila. Þingmenn heyrðu fyrst af henni í fjölmiðlum og Hafnirfjarðarþættur var ekki hafður með í ráðum. Á borgarafundinum reyndi ráðherra án árangurs að færa rök fyrir ákvörðun sinni.

Lífsgæði

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, hefur einnig opinberlega reynt að réttlæta lokun með þeim rökum að húsnæði spítalans sé illa farið. Í þar síðustu viku skoðaði ég spítalan í fylgd Dórotheu Sigurjónsdóttur, hjúkrunarstjóra og sá þá að slíkar yfirlýsingar eru úr öllu samhengi. Aðkallandi er að klæða gafi í göngudeildareiningunni en slíkt viðhald er eðlilegur hluti af rekstri stofnana. Bæði á borgarafundinum og í viðræðum við starfsfólk skurðdeildar spítalans komu fram mikilvægar upplýsingar um starf-

Taka þátt í erfiðri 3172 km vélsleðakeppni í Alaska

Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálisdóttir hefja keppni á morgun

Iron Dog vélsleðakeppnin í Alaska er lengsta og sennilega erfiðasta vélsleðakeppni í heimi og hefur verið haldin síðan 1984. Langflestir keppendur eru frá Alaska. Keppt er í tveimur flokkum „Pro“ flokki og „Recreational“ flokki eða skemmtiflokki sem hjónin Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálisdóttir taka þátt í.

Að sögn Sigurjóns er mikill undirbúningur fyrir svona ferð og hafa margir lagt hönd á plóg. Þau hjónin héldu út fyrir um 10 dögum síðan og hafa verið við æfingar síðustu daga. Aðstaður geta verið mjög erfiðar -30° til -45°C. Með þeim í liði eru bræðumir Will og Wally Smith frá Alaska.

Ferðin hefst í Wasilla, sem er norður af borginni Anchorage. Þaðan liggur leiðin í norð-austur til Nome við Barentshaf, á ám og eftir opnum sífrerastléttum og gegnum þéttvaxna skóga en keppninni lýkur svo í Fairbanks inni í landi.

Miklar kröfur eru gerðar til búnaðar keppenda og öryggis-



Sigurjón og Þóra Hrönn við æfingar í Wasilla í Alaska.

kröfur strangar. Í þeirra flokki koma allir keppendur í hús á kvöldin en í „Pro“ flokknum er keppt á tíma og hver ekur eins og hann lifandi getur og hvílist aðeins eftir þörfum.

Sigurjón og Þóra Hrönn keppa á sérþunum keppnissleðum af gerðinni Artic Cat F6 Sno Pro en fjaðrabúnaður þeirra hefur verið styrktur sérstaklega fyrir keppnina. Þóra Hrönn er ein þriggja kvenna sem taka þátt en hinar tvær eru frá Alaska.

Keppnin hefst á morgun en „Pro“ flokkurinn leggur af stað á sunnudag en samt er búist við að keppendur í þeim flokki fari fram úr fólkinu í skemmtihópnum á leiðinni. Sjálfvirkur staðsetningarbúnaður er á sleðum keppenda og hægt verður að fylgjast með þeim Sigurjóni og Þóru Hrönn á síðunni www.icelandalaska.com

Sigurjón, sem er vanur vélsleðamaður segir keppnina mikið ævintýri sem þau hjónin hlakki mikið til að taka þátt í.

Opið hús um Suðvesturlínur í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum

Landsnet kynnir tillögu að áætlun um mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína í opnu húsi í **íþróttamiðstöðinni Ásvöllum (Haukahúsinu)** í Hafnirfirði á sunnudaginn kemur, 8. febrúar, frá kl. 15:00 til 19:00.

Fulltrúar Landsnets og sérfræðingar, sem vinna að matinu á vegum fyrirtækisins, kynna verkefnið og svara fyrirspurnum.

Verkefnið, sem fengið hefur vinnuheimilið Suðvesturlínur, tekur til endurnýjunar á raforkuflutningskerfinu frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnirfirði og áfram út á Reykjanes.

Frekari upplýsingar um Suðvesturlínur er að finna á sudvesturlinur.is sérstakri heimasíðu verkefnisins. landsnet.is heimasíðu Landsnets. efla.is heimasíðu EFLU verkfræðistofu. skipulag.is heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Suðvesturlínur verða líka kynntar í opnu húsi á Suðurnesjum: í Virkjun á Vallarheiði í Reykjanesbæ föstudaginn 6. febrúar kl. 15:00-19:00 og í Stóru-Vogaskóla í Vogum laugardaginn 7. febrúar kl. 15:00-19:00.



HAFNARFJARÐARKIRKJA

ÞJÓÐKIRKJA Í ÞÍNA ÞÁGU



1. tbl. 30. árg. — Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. fyrir Hafnarfjarðarkirkju — Ábm.: Gunnþór Þ. Ingason — 5. febrúar 2009

Kirkjan bregst við aðstæðum

Fjölbreytt námskeiðahald, kyrrðarstundir og opið safnaðarheimili

Eins og svo margar kirkjur bregst Hafnarfjarðarkirkja við þeim vanda sem steðjar að fólki í kjölfar efnahagshrunsins. Prestar kirkjunnar þeir sr. Gunnþór Þ. Ingason og sr. Kjartan Jónsson, sem gegnir starfi prests í hálfis árs leyfi sr. Þórhalls Heimissonar, eru vakandi fyrir vandanum og bregðast við á ýmsan hátt.

Sr. Gunnþór segir kirkjuna vera vakandi fyrir þörfum fólksins og þeir reyni að miða helgihald og safnaðarstarf við aðstæður. Væntir hann þess að fólk nýti sér það sem er í boði. Hann nefnir sérstaklega kyrrðarstundir með kristinni íhugun sem Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guðfræðingur stýrir á



Prestarnir, sr. Kjartan Jónsson og sr. Gunnþór Þ. Ingason.

þriðjudögum. Þá nefnir sr. Gunnþór fullorðinsfræðsluna þar sem fjallað verður m.a. um fjölskylduheill, velfarnað og miðað að því að hjálpa fólki að takast á við erfiðleikana í samfélaginu.

Að sögn sr. Kjartans verða fengnir til liðs m.a. sálfræðingur, fjölskylduráðgjafi, bankamaður og stjórnáamenn auk þess sem sr. Þórhallur Heimisson verður með námskeiðið „10 leiðir til lífsamingju“ sem hann fer víða með í þjónustu sinni fyrir Kjalarnessprófestsdæmi.

Sr. Kjartan var kristniboði í Afríku um langt skeið en aðspurður segir hann erfitt að bera saman vandamálin þar og hér. Þar hafi jafnvel verið auðveldara með

fjarðarbæjar en auðvitað klæi manni í fingurnar að geta gert eitthvað áþreifanlegt til hjálpar. Safnaðarheimilið er opið öllum sem vilja nota það sem athvarf til góðra málefna í samstarfi við prestana. Fólk sem vill hlúa hvert að öðru í grasrótahópum er velkomið að nýta safnaðarheimilið í samstarfi við prestana, þar sé alltaf heitt á könnunni. Fólk getur að jafnaði komist í kirkjuna frá safnaðarheimilinu eða í kapelluna til helgra stunda.

Prestarnir segja að æskulýðsstarfið sé öflugt enda stýra því góðir æskulýðsleiðtogar. Þeir hvetja foreldra einnig til að koma með börnin sín í sunnudagaskóla. Hann er á sama tíma og messurnar og hefst í kirkjunni og þaðan fara krakkarnir og þeir foreldrar eða aðrir aðstandendur sem þess óska með þeim í safnaðarheimilið þar sem boðið er upp á skemmtilegan sunnudagaskóla.



Kyrrðar- stundir

með kristinni
íhugun

alla þriðjudaga
kl. 17.30-18.30

Kirkjan er opin
frá kl. 17

Öflugt unglíngastarf

Áhugasamir og virkir krakkar í fjölbreyttu starfi

Unglingastarfið, Æskó, hefur farið vel af stað í vetur að sögn leiðtoganna Mundu, Þórunnar, Möggu og Sigga. Krakkarnir í 8. bekk hafa verið að kynna æskulýðsstarfinu en þau hittist alltaf á þriðjudögum kl. 18.30 til 19.30 og þar er ávallt glatt á hjalla

Nýir krakkar eru stöðugt að bætast í hópinn og krakkarnir því enn að kynna og því tilvalið fyrir þá sem vilja vera með að kíkja inn á þriðjudögum.

Eldri hópurinn

Í eldri hópnum eru krakkar úr 9. og 10. bekk og 1. bekk í framhalds-

skóla. Þetta er rótgróinn hópur sem hefur sett sér það markmið að eiga góðar stundir saman í safnaðarheimili kirkjunnar og kynna fleiri krökkum í æskulýðsstarfi. Nýir félagar eru að sjálfsgöðu ætíð velkomnir. Unglingar í eldri hópnum sækja leiðtogaskólann reglulega og aðstoða í öðru starfi kirkjunnar. Auk þess fá þeir að taka þátt í námskeiðum og viðburðum á vegum Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, ÆSKÞ, Æskulýðssambands kirkjunnar í Kjalarnessprófastsdæmi, ÆNÞ og í Reykjavíkúrprófastsdæmum, ÆSKR.

Á döfinni

Í febrúar verður haldið vormót í Vatnaskógi. Þangað fara báðir hópar æskulýðsstarfsins til þess að hitta aðra unglíngastarf sækja æskulýðsstarf á höfuðborgarsvæðinu. Í febrúar verður einnig ógeðsfundur, leikjafundur, rísa lúdó, bollufundur og svo margt fleira næstu mánuði.

Dagskrá æskulýðsstarfsins má finna á auglýsingatöflu safnaðarheimilis Hafnarfjarðarkirkju og brátt á heimasíðu kirkjunnar, hafnarfjardarkirkja.is.



Frá fermingarnámskeiði í safnaðarheimli Hafnarfjarðarkirkju.

Kyrrðarstundir með kristinni íhugun

Alla þriðjudaga fram á vor verða kyrrðarstundir með kristinni íhugun milli kl. 17.30-18.30 í umsjón Sigríðar Hrannar Sigurðardóttur, guðfræðings og hjúkrunarfræðings. Kirkjan verður opin frá kl. 17. Hrönn hefur staðið fyrir slíkum stundum í Skálholti, Neskirkju og víðar. Sigríður Hrönn, sem m.a. hefur verið kristniþóði í Afríku, segir kyrrðarstundirnar vera fyrir þá sem vilja rækta sinn innri mann, njóta hvíldar og kynna Guði betur. Kristin íhugun hafi mótað líf hennar en lokaritgerð Hrannar við Guðfræðideild Háskóla Íslands fjallaði einmitt um þetta efni.

Hver stund hefst með stuttri fræðslu um hugmyndafræðina og því næst eru slökunaræfingar sem kyrra hugann og veita hvíld. Þá er sk. Jesú-íhugun sem er áhrifarík innlifun í frásögur úr lífi Jesú. Segir hún að slíkur fundur með Drottni Jesú Kristi breyti lífi okkar og samfélagið við Guð verði nánara. Með íhugun af þessu tagi getum við hreinsað okkar innri mann, grætt og bætt sjálfsmynd okkar. Hverri stund líkur svo með þögn.



Sigríður Hrönn Sigurðardóttir

Barna- og unglíngakórarnir

Í barna- og unglíngakór Hafnarfjarðarkirkju eru hressir krakkar frá 5-15 ára. Barnakórinn æfir einu sinni í viku á mánudögum kl.17-17.50.

Unglíngakórinn æfir tvisvar í viku á mánudögum kl. 18-19 og fimmtudögum kl. 17.30-19.

Kórarnir syngja reglulega við fjölskylduhátíðir og koma fram eftir því sem tilefni gefast. Á næstunni syngja kórarnir á æsku-

lýsdegi kirkjunnar og taka þátt í hafnfirsku kórarmóti í Víðistaðarkirkju. Í apríl tekur Unglíngakórinn þátt í kórarmóti íslenskrar barnakóra, sem í ár er haldið í Seljaskóla.

Vetrarstarfinu lýkur svo á sameiginlegum vortónleikum sem haldnir verða þann 11. maí.

Kórstjóri er Helga Loftsdóttir og undirleikari er Anna Magnúsdóttir.

Hádegisorgeltónleikar síðasta þriðjudag í mánuði

Þrennir orgeltónleikar verða á vormisseri, síðasta þriðjudag í mánuði.

24. febrúar leikur Guðmundur Sigurðsson, kantor Hafnarfjarðarkirkju.

31. mars leikur Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju og

skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

28. apríl leikur Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju og söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar.

Tónleikarnir hefjast í hádeginu kl. 12.15 og taka um 30 mínútur.

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Hafnarfjarðarkirkju verður haldinn í Strandbergi sunnudaginn 22. mars eftir messu sem hefst kl. 11. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.



Frá náttfatapartíy kórsanna sl. föstudag.

Komið með börnin í sunnudagaskóla!

„Ósýnilegi vinurinn“ 1. mars

Það styrkir fjölskylduböndin að fara með börnin í sunnudagaskóla. Afar og ömmur eða jafnvel eldri systkini eru mjög stolt af því að fara með barnabarnið, systur eða bróður í sunnudagaskóla.

Sunnudagaskólinn er á sunnudögum kl. 11 í Hafnarfjarðarkirkju. „Við byrjum inni í kirkju og förum svo í Háali þar sem við erum með okkar eigin stund,“ segir Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, umsjónarmaður sunnudagaskólans.

Í sunnudagaskólanum fá börnin límmiðabók, sem jafnframt er litabók og sögubók, en í hvert sinn sem komið er í sunnudagaskólann fá börnin límmiða sem tilheyrir sögu dagsins. Brúður kíkja í heimsókn, það er sungið, farið í leiki og sögur sagðar.

Allir eru velkomnir.

Æskulýðsdagurinn

Sunnudaginn 1. mars, á æskulýðsdaginn, koma góðir gestir í heimsókn. Stoppleikhópurinn kemur og sýnir leikritið „Ósýnilegi vinurinn“ sem er um vináttu, fyrirgefningu og

sátt. Fjallað er um sköpunina og hvað gerðist eftir að Adam og Evu var vísað út úr Aldingaröðnum. Svo er líka fjallað um Jesú, sem er rauði þráðurinn í verkinu.

Sýnt verður í kirkjunni og eru allir velkomnir. Leikritið er sérstaklega sniðið að börnum sem eru á sunnudagaskólaaldri og börnum í fyrstu bekkjum grunnskóla. Þetta er þó leikrit sem allir hafa gaman af, burtséð frá aldri.



Athyglina skortir ekki hjá krökkumum í sunnudagaskólanum.

Gönguhópur Kvenfélagsins

Létt yfir starfi Kvenfélags Hafnarfjarðarkirkju

Gönguhópur Kvenfélagsins hittist í Strandbergi á sunnudagsmorgnum og kl. 10.15 leggur hópurinn af stað í gönguferð um bæinn og sækir síðan messu í kirkjunni kl. 11. Allir eru velkomnir að ganga með, karlar jafnt sem konur.

Prjónakaffi

Annar fimmtudag í mánuði standa kvenfélagskonur fyrir sk. Prjónakaffi í Vonarhöfn Strandbergs kl. 20-22. Næstu skipti er því 12. febrúar og 12. mars en falla niður í apríl vegna frídaga. Allir eru velkomnir í Prjónakaffi.

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Hafnarfjarðarkirkju verður í Vonarhöfn Strandbergs fimmtudagskvöldið 26. febrúar kl. 20.

Dagur Kvenfélagsins

Dagur kvenfélagsins verður haldinn sunnudaginn 15. mars. Þá sækja kvenfélagskonur messu með fjölskyldum sínum og taka virkan þátt í henni og bjóða síðan til kirkjukaffis.

Starf í Kvenfélaginu

Nánari upplýsingar um Kvenfélagið veitir Magnea Þórsdóttir, formaður í s. 847 8081.



Starfið hjá 7-9 ára

„Starfið fyrir 7-9 ára börn er liflegt í Hafnarfjarðarkirkju þar sem við gerum marga skemmtilegt saman. Auk þess að fræðast um trúna málum við, litum, perlum, syngjum, spilum og leikum okkur saman“, segir Guðlaug Jökulsdóttir, umsjónarmaður barnastarfsins. Bæði strákar og stelpur á aldrinum 7-9 ára eru hjartanlega velkomnir í Strandberg á fimmtudögum milli kl. 17 og 18.

Góðir gestir í kvöldmessum

Guðrún Gunnarsdóttir og Valgeir Skagfjörð syngja og leika í kvöldmessu sunnudaginn 8. febrúar kl. 20. Þau fjalla um ábyrg samskipti, lífsvirðingu og lífsgleði.

Bjarni Arason söngvari verður sérstakur gestur Æskulýðsfélagsins í kvöldmessu á æskulýðsdegi

1. mars. Þá leikur einnig hljómsveitin Gleðigjafar en Edgar Smári er söngvari hennar.

Aftansöngur með Gregorslagi

Lux Aterna hópurinn, sem stóð fyrir gregorskum messum á miðvikudagsmorgnum, stendur nú fyrir tíðarsöng á fimmtudögum kl. 18 í Hafnarfjarðarkirkju.

Ungbarnamorgnar

Góð mæting hefur verið á ungbarnamorgna á fimmtudögum kl. 10-12 í Vonarhöfn þar sem foreldrar koma með börn sín, spjalla saman og fá sér kaffi.

Fullorðinsfræðsla

Fullorðinsfræðsla verður á fimmtudagskvöldum kl. 20 og tekur fræðslan mið af þeim aðstæðum sem nú eru í Þjóðfélaginu. Sérfræðingar á ýmsum sviðum flytja erindi en prestar kirkjunnar stýra umræðum.

- 12. febrúar Vilhjálmur Bjarnason, viðskiptafræðingur: **Efnahagshrun og endreisn ísl. samfélags.**
- 19. febrúar Haukur Haraldsson, sálfræðingur: **Unglingar í fjölskyldunni. Mælt er til að fermingarbörn sæki þessa fræðslu.**
- 26. febrúar Þórhallur Heimisson, prestur: **10 leiðir til lífshamingju.**
- 5. mars Sigurjón Gunnarsson, fjármálaráðgjafi: **Fjármál heimilanna.**
- 12. mars Hafliði Kristinsson, fjölskylduráðgjafi: **Fjölskyldan í krísutíð.**
- 19. mars Fulltrúar stjórnmalaflokkanna: **Samfélag og siðferði.** Kirkjan og stefna stjórnmalaflokkanna.
- 26. mars Guðmundur Sigurðsson, kantor: **Orgelkyning með tóndæmum.**



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fv. menntamálaráðherra flytur ræðu á Jólavöku við kertaljós.

Vikuleg dagskrá

Sunnudaga

- kl. 10 **Kóræfing Barbörúkórsins**
 kl. 11 **Messa/Guðspjónusta/sunnudagaskóli en fjölskylduhátíð mánaðarlega.**
Kvöldmessa kl. 20 að jafnaði þegar fjölskylduhátíð fer fram að morgni.
 kl. 12 **Kaffi og djús** í Ljósbroti eftir messu.
 kl. 11 AA-starf.

Mánudaga

- kl. 14-16 Annan hvern mánudag, **Steinþóror: Stuðnings- og handavinnuklúbbur í Vonarhöfn Strandbergs.** – Opið hús.
 kl. 17-17.50 **Barnakórsæfing.** Stjórnandi: Helga Loftsdóttir, s. 695 9584. Undirleikari: Anna Magnúsdóttir s. 699 3134.
 kl. 18-19 **Unglingakórsæfing** (10-16 ára). Sömu stjórnendur.
 kl. 20 **A.A. fundur** (konur).

Þriðjudaga

- kl. 12.15-12.45 **Orgeltónleikar** síðasta þriðju.d. í mánuði.
 kl. 17.15-18.15 **Barnastarf fyrir 10 til 12 ára (TTT).** Guðmunda Inga Gunnardóttir, guðfræðingur og Margrét Dagbjört Pétursdóttir.
 kl. 18.30-19.30 **Æskulýðsfélag – 8. bekkur** Leiðtogar: Þórunn Harðardóttir s. 866 7007 og Guðmunda Inga Gunnarsdóttir.
 kl. 20-21.45 **Æskulýðsfélag – eldri deild** (9. bekkur - 1. bekkur í framh.sk.) Sömu leiðtogar.
 kl. 20-22 **Fullorðinsfræðsla**, auglýst sérstaklega.

Miðvikudaga

- kl. 12-13 **Bíblíulestur og bænir** í kapellunni Stafni.
 kl. 13-17 **Hraðskákmót** Skáklúbbsins Riddarans - skáklúbbur eldri borgara.
 kl. 17.30-19 **Fundur sóknarnefndar** – mánaðarlega.
 kl. 20-21 **A.A. sporafundur.**

Fimmtudaga

- kl. 10-12 **Ungbarnamorgnar** í Vonarhöfn, Lína Guðnadóttir, s. 698 7713.
 kl. 17.30-19 **Unglingakórsæfing.**
 kl. 17-18.15 **Barnastarf fyrir 7 til 9 ára,** Guðlaug Jökulsdóttir, háskólanemi s. 662 3229.
 kl. 18-18.30 **Aftansöngur með Gregorssöng** í umsjá Lux Aeterna.
 kl. 20-22 **Fullorðinsfræðsla**, sjá bls. 7.
 kl. 20-22 **Fundur Kvenfélags**, formaður: Magnea Þórsdóttir, s. 847 8081.

Laugardaga

- kl. 10-12 **Fermingarfræðsla**, auglýst sérstaklega.

